

Lokaverkefni til B.ed. gráðu  
Kennaraháskóli Íslands  
Leiðsagnarkennari: Sigurður Pálsson  
Vor 2007

## Greinargerð í tengslum við Vefsíðuna

### “Sögur af Jesú”



Aron Hinriksson  
Gunnhildur S. Pálmarsdóttir

## Efnisyfirlit

1	Lýsing á verkefninu.....	Bls. 3
2	Rök fyrir framsetningarmáta verkefnisins .....	Bls. 3
3	Rök fyrir vali á viðfangsefni.....	Bls. 4
4	Markmið.....	Bls. 6
5	Kynning á verkingu.....	Bls. 7
6	Framsetning verkefnisins.....	Bls. 7
7	Framsetning efnis á vefsíðu .....	Bls. 8
8	Efnislegt innihald .....	Bls. 8
9	Sögur og líf Jesú .....	Bls. 9
9.1	<b>Sakkeus.....</b>	<b>Bls. 11</b>
9.2	<b>Miskunnsami Samverjinn.....</b>	<b>Bls. 11</b>
9.3	<b>Týnda drakman .....</b>	<b>Bls. 12</b>
9.4	<b>Bartímeus blindi .....</b>	<b>Bls. 12</b>
9.5	<b>Týndi sauðurinn.....</b>	<b>Bls. 13</b>
9.6	<b>Mettun þúsundanna.....</b>	<b>Bls. 14</b>
9.7	<b>Jesús blessar börnin.....</b>	<b>Bls. 14</b>
9.8	<b>Eyrir ekkjunnar .....</b>	<b>Bls. 15</b>
9.9	<b>Páskar.....</b>	<b>Bls. 16</b>
10	Kristilegt siðgæði.....	Bls. 17
11	Tengsl við kennslu.....	Bls. 19
12	Lokaorð.....	Bls. 19
13	Heimildaskrá.....	Bls. 21

## 1 Lýsing á verkefninu

Eftirfarandi greinagerð fjallar um lokaverkefni okkar við Kennaraháskóla Íslands vorið 2007. Um er að ræða vefsíðu sem er ætluð nemendum á yngsta stigi grunnskóla, þ.e. nemendum í 1.- 4. bekk. Umfjöllunarefni síðunnar er kristinfræði eins og hún kemur fyrir í Aðalnámsskrá grunnskóla þ.e. leitast er við að uppfylla markmið Aðalnámsskrár. Áhersla er lögð á áhugavekjandi framsetningu efnis og aðgengileika. Unnið er með mismunandi miðla, svo sem myndbönd, hljóðupptökur, söng o.fl.

## 2 Rök fyrir framsetningarmáta verkefnisins

Framþróun síðastliðinna ára á sviðum kennslufræða og tækniþekkingar í kennslu hefur orðið til þess að úrval og fjölbreyttni kennsluefnis hefur aukist til muna. Þetta efni geta kennarar nýtt sér í kennslu, sem er afar mikilvægt, sérstaklega nú á tímum aukinnar áherslu á einstaklingsmiðað nám. Nýjar og fjölbreyttar kennsluaðferðir hafa komið upp á yfirborðið. Meðal annars hefur notkun veraldarvefsins sem miðlunarafl kennsluefnis stöðugt færst í aukana. Nægir þar að nefna íslenskar síður eins og Skólavefinn (<http://www.skolavefurinn.is/>) og vef Námsgagnastofnunar (<http://www.nams.is/>).

Flest íslensk heimili hafa nettengdar tölvur auk þess sem tölvubúnaður skóla verður stöðugt fullkomnari og aðgengilegri. Með auknum áherslum á upplýsingamennt í Aðalnámsskrá grunnskóla frá árinu 1999 hefur færni og tölvulæsi aukist til muna. Í stórrí nýlegri rannsókn á tölvunotkun barna kemur fram að 92 % nemenda hafa aðgang að tölvu heima og þar af hafa 85 % nettenginu (<http://www.saft.is/kannanir/>). Börn eru mjög fljót að tileinka sér nýja tækni og hafa í flestum tilfellum áhuga á nýjungum á því sviði. Ljóst má því vera að það er val margra barna að verja löngum stundum fyrir framan tölvu sér til afþreyingar. Kennsla sem er áhugavekjandi og sett fram á sjónrænan hátt er því líkleg til þess að ná athygli barna. Ef áhugi er vakinn er efnið mun líklegra til að skila þeim markmiðum sem upphaflega var lagt upp með í kennslunni.

Ýmsir fagaðilar hafa á undanförunum árum haldið uppi metnaðarfullri vinnu í útgáfu á kennsluefni á netinu. Mest er til af góðu efni tengdu stærðfræði og tungumálum enda má segja að slíkt efni sé í mörgum tilfellum alþjóðlegt þ.e. oft er hægt að nota erlent efni í

Þessum greinum fyrir íslenska nemendur sbr. hið alþjóðlega “tungumál” stærðfræðinnar. Því miður hafa þó aðrar námsgreinar setið á hakanum. Kristinfræði er ein af þeim námsgreinum sem lítið hefur fengið af ítarefni tengdu kennslunni á netinu og í formi margmiðlunar. Í kristinfræðihluta Aðalnámsskrár frá árinu 2007 er þó bent á upplýsinga og margmiðlunartækni sem möguleika í fjölþættri öflun þekkingar í greininni og hvatt til notkunar á þessum miðlum (Aðalnámsskrá grunnskóla, 2007:7).

### 3 Rök fyrir vali á viðfangsefni

Áður fyrr var menntun í kristinfræði hluti af kennaranámi en það var síðar fellt úr gildi um miðjan tíunda áratug 20. aldar og er nú valfag á sviði samfélagsgreina við Kennaraháskóla Íslands. Oft eru þeir kennarar sem kenna kristinfræði lítið menntaðir í þeim efnum og hafa mismikinn áhuga á greininni. Sumir finna jafnvel til vanhæfni til að sinna slíkri kennslu. Vefurinn er ekki síst hugsaður fyrir þá kennara, bæði til þess að læra af og nota til stuðnings í kennslu.

Með reglulegu millibili kemur upp umræða á Íslandi um kristinfræðikennslu í skólum. Ólíkar skoðanir virðast vera um gildi kristinfræði í nútíma skólasamfélagi og er iðulega rætt um Ísland sem fjölmenningsamfélag í því samhengi. Því er jafnvel haldið fram að kristinfræðikennsla geti miðsboðið fólki af ólíkum uppruna sem aðhyllist ólík trúarbrögð. Þessar raddir virðast þó aðalega heyrast frá Íslendingum en ekki frá innflytjendunum sjálfum. Þessi sömu aðilar óttast að mörkin milli trúfræðslu og trúboðs séu stundum óljós í kristinfræðikennslunni.

Í aðalnámsskrá grunnskóla frá árinu 2007 segir:

*„Skólinn er fræðslustofnun en ekki trúboðsstofnun og er því fyrst og fremst ætlað að miðla þekkingu og auka skilning á kristinni trú og öðrum trúarbrögðum.” (Aðalnámsskrá grunnskóla, 2007:6).*

Erfitt er að misskilja orðin hér að ofan í þá veru að markmið kristinfræðikennslu sé nokkuð annað en að miðla þekkingu og auka skilning á þeirri trú sem hefur mótað menningu okkar, sögu og athafnir síðastliðin 1000 ár. Til þess að íbúar Íslands skilji

sögu okkar, siði og ótal marga aðra þætti í umhverfi okkar er mikilvægt að skilja bakgrunn trúarinnar og tengingu hennar við margar athafnir daglegs lífs. Þetta á ekki síst við um þá einstaklinga af erlendum uppruna sem ákveða að flytja til Íslands og hafa gjörólíkan menningarlegan og trúarlegan bakgrunn. Til þess að geta aðlagast íslensku samfélagi þar sem kristni er og hefur verið mjög ríkjandi í rúm þúsund ár, þá verða þeir að fá tækifæri til þess að skilja út á hvað trúin gengur og að hvaða leiti hún hefur mótað samfélag okkar. Af sömu ástæðu þurfa íslenskir nemendur eiga að kynna grunnhugmyndum annara trúarbragða þ.e. til þess að efla skilning þeirra á ólíkum hugmyndum og hugsunarhætti annarra menningarheima.

Í allri trúarbragðafræðslu, hvort sem um er að ræða kristni eða hin ýmsu trúarbrögð heimsins skiptir miklu máli að við leyfum trúnni og innihaldi hennar að tala fyrir sig sjálfa. Með því er átt við að í kennslunni eigi að greina frá innihaldi trúarinnar og því sem að í átrúnaðinum felst án þess að kennari reyni að leggja mat á trúna eða túlka hana. Það að leggja mat á trúna og túlka hana á í raun að vera hlutverk nemandanna sjálfra. Í kennslunni er mikilvægt að leggja upp með þann skilning trúarinnar sem í henni felst. Hvað var Jesús t.d. að meina í dæmisögunum eða í kennslu sinni og lífi almennt. Eins og í öllu öðru námi þurfa nemendurnir sjálfir síðan að taka afstöðu til kennslunnar. Sú afstaða þarf að byggjast á kennslunni sjálfri en ekki skoðun kennarans á henni.

Í aðalánámsskrá segir eftirfarandi um kristilegt siðgæði:

*„Kristilegt siðgæði á að móta starfshætti skólans ásamt umburðarlyndi og lýðræðislegu samstarfi. Þó að þetta eigi við um skólastarfið almennt hlýtur kennsla í kristnum fræðum að sinna þessum þætti sérstaklega og vinna markvisst að því að stuðla að siðgæðisþroska nemendanna í glímu við siðferðisleg álitamál.“ (Aðalánámsskrá grunnskóla, 2007:6).*

Íslendingar byggja á alda langri hefð kristinnar trúar sem mótað hefur athafnir, hefðir og hugsun þjóðarinnar. Trúin hefur átt stóran þátt í að skipa okkur í hóp þjóða sem hafa virðingu fyrir manningum að leiðarljósi og leggja áherslu á rétt mannsins til frelsis og velferðar. Boðskapur Jesú, sá er kristin trú byggir á, setti fyrir 2000 árum ný viðmið í

samskiptum manna, réttlæti og virðingu. Þessi boðskapur er enn í fullu gildi og mótar hugsun okkar sem hann þekkjum, hvort sem er meðvitað eða ómeðvitað.

Með heimasíðu þeirri sem þessi greinargerð fjallar um viljum við bjóða nemendum og kennurum upp á aukið ýtarefni í kennslu í kristinfræði með áherslu á kristið siðgæði eins og það birtist í kennslu og ævi Jesú Krists. Við teljum að það sé mikilvægt fyrir greinina að auka fjölbreytni í nálgun á efninu.

## 4 Markmið


Ekki þarf hér að færa rök fyrir gagnsemi þess að sameina nám og skemmtun þ.e. að gera nám skemmtilegt. Markmið okkar er í fyrsta lagi að búa til námsvef sem börn langar til þess að skoða og heimsækja. Vefurinn á að vera aðgengilegur, skemmtilegur og auðveldur í notkun. Lagt er upp úr því að vefurinn sé innan þeirra marka sem Aðalnámsskrá grunnskóla setur og geti á þann hátt verið öruggur vettvangur sem stoðtæki fyrir kennara. Vefurinn er ekki hugsaður til þess að koma í staðin fyrir það kennsluefni sem til er heldur er hann hugsaður til stuðnings við áður útgefið efni.

Í öðru lagi er markmiðið að efla kristna siðferðisvitund barna og skilning þeirra á kristinni trú. Það viljum við gera með því að skoða þann boðskap Jesú sem kemur fram í sögum hans og lífi auk þess að fjalla um atriði í íslenskri trúarhefð s.s. bænir og söngva. Samkvæmt kristinfræðihluta Aðalnámsskrár grunnskóla frá árinu 2006 er áhersla lögð á það að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, læri umburðarlyndi gagnvart náunganum, þroski með sér tillitssemi og læri að vera nærgætin í samskiptum við aðra. Einnig er áhersla lögð á það að nemendur læri að þekkja ýmsar dæmisögur og aðrar sögur úr lífi Jesú, m.a söguna af Sakkeusi, eyri ekkjunnar og miskunnsama Samverjanum. Einnig að þau kynnist afstöðu Jesú til barna og svo framvegis (Aðalnámsskrá grunnskóla, 2007:14).

## 5 Kynning á verkinu

Eins og fram hefur komið er hugmyndin með þessari heimasíðu sú að gera aðgengilegt og spennandi vefsvæði fyrir börn í yngstu bekkjum grunnskóla. Mikilvægt er að síðan sé falleg og litrík en ekki síður að hún sé einföld og þægileg í notkun. Krakkar þurfa að vera fljótir að skilja uppbyggingu síðunnar. Notast er við forritið Matchware mediator við vefsmíðina. Forritið hefur þann kost helstan að auðvelt er að byggja síðuna upp eins og kennsluforrit sem leiðir nemandann áfram á einfaldan hátt.

Á forsíðunni sem er svipuð þeirri sem hér sést velja nemendur stóra hnappa með því efni sem þeir vilja skoða. Með því að ýta á hnappinn fara þeir síðan inn á síðu svipaða þeirri sem hér er að neðan. Þar geta þeir valið mismunandi möguleika.



## 6 Framsetning verkefnisins

Þegar hugað var að framsetningu þessa verkefnis var ákveðið að fara þá leið að búa til vefsíðu fremur en að búa til myndband eða margmiðlunardisk. Ástæðan er sú að við höfum hugsað okkur að verkefnið sé sem flestum aðgengilegt, hvar sem er og hvenær sem er. Til þess að ná því markmiði er líklega enginn miðill hentugri en internetið. Einnig lítum við svo á að sú afurð sem birtist á þessari vefsíðu sé ekki endanleg heldur

aðeins upphaf á hugmynd sem stöðugt er hægt að bæta við og breyta eftir því sem tækni og hugur leyfa.

## 7 Framsetning efnis á vefsíðu

Ýmsar leiðir eru færar þegar koma á efni á framfæri á netinu.

Notast er við leikin myndbönd, upptökur af söngvum, lesnar sögur, bænir og svo framvegis. Gert er ráð fyrir að skjöl og myndskreið séu ekki stærri en svo að hægt sé að spila þau með þokkalegum nettenginum en þó þannig að efnið sé skýrt og spilanlegt af tölvu í gegnum myndvarpa í skólastofum.

## 8 Efnislegt innihald

Vefsíðan er fyrst og fremst byggð upp sem ítarefni við þau kennslugögn sem nú þegar eru til fyrir kristinfræðikennslu í grunnskólum landsins. Því er rík áhersla lögð á að efni þessarar síðu sé stuðningur við þau markmið sem Aðalnámskrá grunnskóla leggur upp með í tengslum við kristinfræði fyrir 1.-4. bekk. Eftirfarandi þættir eru teknir sérstaklega fyrir:

- Jesús, sögur hans og líf
- Algengar bænir
- Kristnir söngvar og sálmar

Lögð er áhersla á að koma til skila á einfaldan hátt kristnum siðferðisgildum og jákvæðum boðskap kristinnar trúar. Gerður er greinarmunur á boðun og fræðslu en þó er eitt af markmiðum síðunnar sannarlega að nemendur skilji boðskap Jesú. Meðal annars áherslu hans á gildi einstaklingsins, kærleikas, vináttunnar, heiðarleikans o.s.frv.



## 9 Sögur af Jesú

Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla frá árinu 2007 skipa biblíusögur stóran hluta í námsskránni og þar af leiðandi námi barna í kristinfræði. Lögð er rík áhersla á að trúarleg merking biblíusagnanna sé sett fram á skýran hátt ásamt því að nemendur skilji hvernig hægt er að nýta sér biblíusögurnar í tengslum við daglegt líf (Aðalnámsskrá grunnskóla, 2007:7).

Sögur úr lífi Jesú hafa allar að geyma ákveðinn boðskap sem ætlað var að kæmist til skila. Þær hafa að geyma siðgæðisboðskap sem byggður er á kristnum gildum. Dæmisögurnar Jesús eru til að mynda þannig upp byggðar að ákveðin siðfræði eða siðgæðisboðskapur fléttast saman við trúarlegan boðskap. Talað er um að kjarninn í siðfræði Jesú komi skýrt fram í dæmisögum hans. Dæmisögurnar eru einfaldar, en hafa haft meiri áhrif en flest annað á hugsunarhátt manna í gegnum aldirnar (Göran Bexel, 2001:235).

Í Aðalnámsskrá grunnskóla frá árinu 2007 eru sett fram ákveðin viðmið um dæmisögur Jesú sem gott er að kenna í 1-4. bekk. Dæmisögurnar hafa að geyma siðferðislegan boðskap sem gott er skoða með börnunum og leyfa þeim að ræða um eða spreyta sig á. Það er gert til þess að þau sjálf geri sér grein fyrir þeim boðskap sem býr að baki. Auðvitað er þó mismunandi á hvaða siðferðisboðskap áhersla er lögð, þar sem aldur og þroski nemenda er mismikill. Í fyrsta bekk er meðal annars lögð áhersla á að vinna með vináttu og kærleika, bæði gagnvart þeim sem lifa í nærsamfélaginu en ekki síður þeim sem minna mega sín. Í öðrum bekk er meðal annars lögð áhersla á að vinna með umburðarlyndi, sérstaklega í samskiptum við aðra einstaklinga. Í þriðja bekk er meðal annars lögð áhersla á að læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Virðing fyrir sjálfum sér er einmitt mikilvægur hluti þess að geta tekið upplýstar ákvarðanir sem hafa með manns eigin velferð að gera sem og annarra. Í fjórða bekk er meðal annars lögð áhersla á að þroska með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra einstaklinga (Aðalnámsskrá grunnskóla, 2007:12-14).

Kennsla Jesú Krists fór einna helst fram með því að hann kenndi í dæmisögum. Hann sagði einstaklingum venjulegar sögur en einnig sögur í líkingamáli. Dæmisögur Jesú voru allar um hluti eða atriði sem fólk þekkti á þeim tíma sem Jesús var uppi (John Hargreaves, 1979:95). Til að mynda talaði Jesús um sauði, sáðkorn, þjóðfélagsflokka og margt fleira. Í kennslu í grunnskóla er mikilvægt að börn nái að skilja hver boðskapur dæmisagna Jesú er.

Til að mynda er sögð dæmisagan um góða hirðinn í Lúkasarguðspjalli 15:1-7. Þessi saga segir frá því að hirðir sem gætir hundrað sauða sé tilbúinn að fara að leita að einum þeirra ef hann týnist og sé tilbúinn að skilja hina níttu og níu sauðina eftir á meðan. Boðskapur þessarar sögu er sá að Guð sé tilbúinn að fyrirgefa þeim sem hafa gert rangt og honum þyki jafn vænt um alla. Fyrir gyðinga á þessum tíma var þetta nýmæli þar sem þeir voru vanir því að sá sem gerði rangt þyrfti að koma til Guðs af fyrra bragði en í þessu tilviki var Jesús að leggja áherslu á að Guð væri að leita að syndurunum að fyrra bragði (Íðunn Steinsdóttir, Sigurður Pálsson, 2000:40).

Hér á eftir má sjá töflu sem hefur að geyma þær dæmisögur sem börn í 1-4. bekk eiga að læra samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla frá árinu 2007 ásamt þeim siðferðisboðskap sem námsskráin leggur áherslu á að komist til skila til barnanna.

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Kristinfræði	Kynnist sögum af bernsku Jesú og afstöðu hans til barna	Kynnist nokkrum sögum úr Nýja testamentinu, t.d um týnda sauðinn, Sakkeus og Bartímeus blinda	Þekki valdar frásögur úr Nýja testamentinu, t.d um eyri ekkjunnar, týndu drökmuna og Jesús mettar	Kynnist áframhaldandi frásögum úr Nýja testamentinu t.d um miskunnsama Samverjann og upprisu Jesú Krists
Siðfræði	Vinni með vináttuna og fyrirgefninguna	Temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra	Fái þjálfun í að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum	Þroski með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra

## 9.1 Sakkeus (Lúkas 19:1-10)

Söguna af Sakkeusi er einungis að finna í Lúkasarguðspjalli. Þessi saga segir frá tollheimtumanninum Sakkeusi sem vinnur við það að innheimta skatt af gyðingum fyrir Rómverja sem voru hernámsþjóð í Ísrael og þar af leiðandi óvinir þjóðarinnar. Tollheimtumenn voru eitt óvinsælasta fólk í Ísrael (Life Application study bible, 2004:1726). Sakkeus var einn af þeim mönnum sem var mjög óvinsæll meðal gyðinga. Hann hafði sviðið fólk og stolið af því eins og aðrir tollheimtumenn gerðu á þessum tíma. Jesús hafði hinsvegar áhuga á að nálgast Sakkeus sem olli því að folkið sem var í kringum hann varð mjög hissa. Það var ekki vant því að gefa sig að tollheimtumönnum og því ekki nema von að folki hafi fundist skrítið að Jesús vildi tala við Sakkeus, hvað þá fara heim til hans. Jesús sýndi Sakkeusi kærleika og vegna þess iðraðist Sakkeus og vildi bæta ráð sitt. Boðskapur þessarar sögu leggur áherslu á að ríki Guðs er fyrir alla menn (E. Earle Ellis, 1973:220). Því skiptir ekki máli hvaða þjóðfélagshópi fólk tilheyrir eða hvernig það lítur út. Allir menn eru jafnir og hafa allir þörf fyrir kærleika Guðs.

## 9.2 Miskunnsami Samverjinn (Lúkas 10:25-35)

Lögvitringur nokkur spyr Jesú hvað þurfi að gera til þess að eignast eilíft líf. Jesús spyr hann hvað lögmálið segi og lögvitringurinn svarar því að einstaklingur þurfi að elska Guð af öllu sínu hjarta en einnig náunga sinn. Jesús segir honum að það sé rétt, en þá spyr lögvitringurinn hver náunginn sinn sé. Jesús segir honum þá söguna af miskunnsama samverjanum.

Mikil óvild var á milli Samverja og gyðinga á þeim tíma sem Jesús var uppi. Gyðingar sáu sjálfa sig sem hreina afkomendur Abrahams á meðan Samverjar voru blandaður þjóðflokkur sem varð til þegar Ísraelsmenn voru herleiddir af Assýríu (Life application bible, 2004:1704). Litið var það mikið niður á Samverja að maðurinn sem Jesús talaði við gat ekki einu sinni sagt orðið „Samverji” (Lúkas 10:37). Fyrir gyðingana var þetta mjög táknræn saga þar sem presturinn og levítinn voru augljóslega að brjóta lögmálið (að elska

náungann eins og sjálfan sig) þegar þeir neituðu manninum um aðstoð. Samverjinn hinsvegar hlýddi og breytti eftir lögmálinu og sýndi manninum kærleika og miskunnaði sig yfir hann. Þess vegna var lögmálið uppfyllt þegar Samverjinn miskunnaði sig yfir manninn (E. Earle Ellis, 1973:160).

Í þessari sögu kemur enn og aftur fram skýr boðskapur um það að allir menn séu jafnir. Jesús hvetur fólk til að sýna hvert öðru bróðurkærleika og umhyggju. Með bróðurkærleika er átt við að láta það ganga fyrir að elska aðra menn og vera tilbúinn að hjálpa þeim sem þurfa á hjálp að halda, sama hver á í hlut.

### **9.3 Týnda drakman (Lúkas 15:8-9)**

Sagan um týndu drökmuna er ein af dæmisögum Jesú. Jesús sagði oft á tíðum dæmisögur til þess að fólk ætti auðveldara með að skilja það sem hann átti við. Konur á tímum Jesú fengu oft á tíðum 10 silfurpeninga þegar þær giftu sig. Peningarnir höfðu efnahagslegt og tilfinningalegt gildi fyrir konurnar og voru álíka mikils virði fyrir þær tilfinningalega, eins og giftingahringur er í dag (Life application Bible, 2004:1719). Ein drakma er talin hafa verið álíka mikils virði og daglaun verkamanns (E. Earle Ellis, 1973:197). Með því að segja þessa sögu gat fólk sett sig í spor konunnar. Það vissi hversu ánægjuleg stund það yrði ef það sjálft myndi finna drökmuna sem það hefði týnt.

Boðskapur þessarar sögu er sá að hver og einn einstaklingur er dýrmætur frammi fyrir Guði. Því gleðst Guð yfir hverjum þeim syndara sem iðrast og þráir betra líf í samfélagi við hann (Life application Bible, 2004:1719).

### **9.4 Bartímeus blindi (Markús 10:46-52)**

Sagan af Bartímeusi blinda er ein af kraftaverkasögum Jesú í Biblíunni. Þarna sjáum við að Jesús lét fólk ekki afskipt og var tilbúinn að hjálpa þeim sem þurftu á hjálp að halda. Blinda var talin vera bölvun frá Guði vegna syndar viðkomandi eða foreldra hans (Jóhannes 9:1-2). Bartímeus var maður sem var blindur. Hann heyrði einn daginn hóp

fólks koma fram hjá sér. Þegar hann heyrði að í hópnum væri Jesús frá Nasaret sem gengi fram hjá kallaði hann, „Sonur Davíðs, miskunna þú mér”. Það að kalla Jesús, „Son Davíðs” var viðurkenning á því að Jesús væri Messías þar sem Messías átti að vera af ætt og kynkvísl Davíðs (Jesaja 9:7). Jesús heyrði kall Bartímeusar og læknaði hann af blindunni og sýndi þar með fram á að blinda eða aðrir sjúkdómar væri ekki bölvun frá Guði (Life application study Bible, 2004:1644). Bartímeus hafði ekki séð nein af kraftaverkum Jesú en kallaði strax á hann í þeirri trú að hann myndi lækna hann sem hann og gerði (Life application study Bible, 2004:1644). En með kraftaverkum sínum var Jesús einnig að prédika um Guð og kærleika hans og staðfesta að hann hafði mátt sinn frá Guði (Markús 14:61-62).

## **9.5 Týndi sauðurinn (Lúkas 15:1-7)**

Sagan af týnda sauðnum er einnig ein af dæmisögum Jesú. Hún hefur sama boðskap og sagan um týndu drökmuna en er sögð á annan átt. Jesús segir þessa dæmisögu þegar hann er að tala við tollheimtumenn og bersyndugt fólk og farísearnir og fræmimennirnir amast við því sem hann gerir og segir (Lúkas 15:1).

Dæmisagan segir sögu af manni sem átti hundrað kindur en týnir einni þeirra og ákveður að fara að leita að þessari einu sem týndist og skilja hinar hundrað eftir. Það virðist í fyrstu vera mjög furðulegt að ætla sér að leita að einni kind og skilja 99 kindur eftir. En hirðirinn vissi að þessar 99 kindur yrði öruggar þar sem þær voru. Hinsvegar var það sú kind sem týndist sem var í meiri hættu en hinar 99 (Life application Bible, 2004:1719). Kindur voru mikils virði og því þótti mikilvægt að leita að þeirri sem týndist og þegar hún fannst var eigandinn mjög ánægður.

Jesús beindi þessari sögu að fræðimönnum og faríseunum þar sem þeir voru að amast yfir því að hann talaði við tollheimtumenn og syndara. Hann lagði hinsvegar áherslu á að að hjarta Guðs gleðst fyrir þeim syndara sem iðrast og að fyrir Guði er sérhver einstaklingur mikilvægur. (E. Earle Ellis, 1973:196).

## 9.6 Mettun þúsundanna (Matteus 14:13-21)

Mettun þúsundanna er dæmi um sögu í Biblíunni sem myndi flokkast undir kraftaverkasögu. Þessi saga er sögð í öllum guðspjöllum Biblíunnar, þ.e á fjórum stöðum. Þessi saga sýnir skýrt og greinilega hver kraftur og máttur Jesú Krists er (Iðunn Steinsdóttir, Sigurður Pálsson, 1998:21).

Í gyðingasamfélaginu var það hlutverk heimilisföðurins að taka brauð og þakka Guði fyrir það. Síðan braut hann það og skammtaði heimilisfólkinu sínu. Jesús gerði það sama þegar mettun þúsundanna átti sér stað. Hann tók brauðið og þakkaði Guði fyrir það og gaf lærisveinunum. Þeir sáu svo um að skammta hinu fólkinu. Samkvæmt reglum gyðingasamfélagsins var leyfilegt að aðrir hjálpuðu til við að brjóta brauðið (David Hill, 1975:246). Í þessar sögu er mikil virðing borin fyrir því sem lítið er. Lærisveinarnir afhentu Jesú lítið magn af mat en hann gerði mikið úr því sem lítið var. David Hill vísar til þess að þetta kraftaverk geti kallast á við tvo atburði sem áttu sér stað í Gamla Testamentinu (David Hill, 1975:245). Annars vegar varðandi mettunarjarteikn Elísa (2. Konungabók 4:38-48) og hinsvegar í tengslum við það þegar Guð lét manna falla af himnum ofan (Önnur Mósebók:16). Í þessum tilvikum komu Elísa og Móse við sögu, en þeir voru báðir spámenn Gamla Testamentisins. Í atvikinu um um mettun þúsundanna er verið að gefa í skyn að Jesús sé Messías þar sem vonir og væntingar Gyðinga tengdust því að Messías gæfi þeim nýtt "manna" (Iðunn Steinsdóttir, Sigurður Pálsson, 1998:21).

Eins og áður hefur verið sagt flokkast þessi saga undir kraftaverkasögu. Það sem varð lítið varð mikið. Boðskapur þessarar sögu getur einnig verið sá að það sem er lítið og talið lítills virði getur orðið að miklu ef Guð fær að komast að ((Life application study Bible, 2000:1672).

## 9.7 Jesús blessar börnin (Markús 10:13-16)

Jesús varð oft fyrir mikilli gagnrýni. Farisearnir og fræðimennirnir gagnrýndu hann fyrir að eyða tíma í að tala við tollheimtumenn eða syndara. En það var það sem Jesús vildi gera. Hann vildi sinna þeim sem aðrir sinntu ekki. Jesús var tilbúinn til að viðurkenna að Farisearnir voru réttlátir gagnvart Guði hvað lögmálið varðar en hann var ekki sáttur við að þeir útilokuðu ákveðna einstaklinga eða hópa fólks, t.d. syndara, tollheimtumenn o.s.frv (David Hill, 1975:175).

Lærisveinunum fannst Jesú einnig þurfa að nota tíma sinn skynsamlega. Þeim fannst t.d. Jesú ekki hafa tíma til að vera með börnum sem komu með foreldrum sínum. Jesús hugsaði hinsvegar öðruvísi. Hann vildi gefa börnunum tíma og var málsvari þeirra. Hann benti fullorðna fólkinu á það að barnið hefði traust sem væri gott til eftirbreytni og þetta traust veitti því aðgang að Guðs ríki. Síðan sagði hann fullorðna fólkinu að þeir sem vildu komast í Guðs ríki þyrftu að temja sér slíkt hugarfar sem barnið hefði, auðmýkt og traust (Iðunn Steinsdóttir, Sigurður Pálsson, 2000:39). Jesús mat alla menn jafn mikils og fyrir honum voru allir jafnir og börnin voru fullgildir meðlimir trúarsamfélagsins.

## 9.8 Eyrir ekkjunnar (Markús 12:41-44)

Í þessari sögu bendir Jesús fólki sem var með honum á ekkju sem var mjög fátæk. Ekkjur í Ísrael voru yfirleitt mjög fátækar (Iðunn Steinsdóttir, Sigurður Pálsson, 1998:24). Þessi fátæka ekkja gaf tvo smápeninga í fjárhirsluna en hvor þeirra var aðeins eins eyris virði. Margir ríkir menn lögðu einnig peninga í fjárhirsluna en Jesús lagði áherslu á að að ekkjan hefði gefið meira en þeir (Markús 12:43). Ríku mennirnir gáfu í fjárhirsluna en áttu nóg eftir en ekkjan gaf allt sem hún átti. Jesús mat mikils hversu fórnfús ekkjan var og benti sérstaklega á það (Life application study Bible, 2004:1650). Boðskapur þessarar sögu er sá að það er gott að gefa. Ekkjan gaf allt sem hún átti vegna trúar sinnar á Guð og treysti því að hann myndi vel fyrir sjá (Iðunn Steinsdóttir, Sigurður Pálsson, 1998:24). Það er hægt að gefa af sér á margvíslegan hátt. Til dæmis er hægt að gefa peninga, tíma o.s.frv (Life application study Bible, 2004:1650). Í okkar þjóðfélagi er auðvelt að gleyma

sér í sínum eigin þörfum og því er gott að leggja áherslu á það við alla hvort sem fólk er ungt eða gamalt að það er gott að gefa af sér.

## **9.9 Páskar (Matteus 21:1-11, Matteus 26:17-35, Matteus 27:1-66, Matteus 28:1-20)**

Páskavikan hefst á pálmasunnudegi. Þann dag kom Jesús inn í Jerúsalem á asna. Jesús sjálfur undirbjó komu sína þennan dag inn í Jerúsalem og reyndi ekki að fela sig eða láta lítið fara fyrir sér (David Hill, 1975:290). Fólk sýndi Jesú mikla virðingu þegar hann kemur inn í Jerúsalem. Í versí 5 er skírskotað til spádóma úr Gamla Testamentinu þar sem fjallað er um konunginn, Messías (Íðunn Steinsdóttir, Sigurður Pálsson, 1998:26). Samkvæmt þessu kom Jesús því inn í Jerúsalem þennan dag sem friðarhöfðinginn, Messías (Life application Bible, 2004:1586).

Oftar en ekki hefur gætt misskilnings varðandi skírdag. Sumir halda að þennan dag hafi Jesú tekið skírn í ánni Jórdán. Skírdagur ber þetta nafn á íslensku en á ensku er hann kallaður maundy Thursday eða holy Thursday ([http://en.wikipedia.org/wiki/Maundy\\_Thursday](http://en.wikipedia.org/wiki/Maundy_Thursday)). Nafnið er til komið vegna þess að fyrir seinustu kvöldmáltíðina þvoði Jesú fætur lærisveinanna. Þetta var því nokkurskonar hreinsunarathöfn sem átti sér stað. Orðið „skír” merkir að vera hreinn (Íðunn Steinsdóttir, Sigurður Pálsson, 1998:27). Þessi dagur var seinasti dagurinn sem Jesús átti með lærisveinunum. Um kvöldið var hann handtekinn í garðinum í Getsemane eftir að Júdas hafði svikið hann og sagt frá því hvar hann var. Skírdags er yfirleitt minnst sem dagsins sem seinasta kvöldmáltíðin átti sér stað. Jesús þjónaði lærisveinunum sínum og öðru fólki m.a með fótaþvottinum. Fótaþvotturinn á að vera táknræn athöfn um það hversu mikilvægt sé að þeir sem fylgi Jesú þjóni hver öðrum alveg eins og dauði Jesú fól í sér ákveðna þjónustu (Íðunn Steinsdóttir, Sigurður Pálsson, 2000:48).

Föstudagurinn langi er kallaður „good Friday” á ensku. Hann er einungis kallaður föstudagurinn langi í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Færeyjum og á Íslandi ([http://en.wikipedia.org/wiki/Good\\_Friday](http://en.wikipedia.org/wiki/Good_Friday)). Þennan dag er þess minnst að Jesús var



krossfestur og dó á krossi. Fjögur kraftaverk eru sögð hafa átt sér stað þennan dag sem Jesús Kristur dó. Í fyrsta lagi varð myrkur frá hádegi þennan dag til klukkan 15:00 (Matteus 27: 45) í öðru lagi rifnaði fortjald musterisins í tvennt (Matteus 27:52, í þriðja lagi kom jarðskjálfti (Matteus 27:52) og í fjórða lagi opnuðust grafir og líkamar helgra manna risu upp (Matteus 27:52). Dauði Jesú hefur ekki farið fram hjá mörgum þennan dag vegna þess hve mikil tákn og undur áttu sér stað (Life application study Bible, 2004:1607). Sagt er að hundraðshöfðingi einn og menn hans sem gættu Jesú hafi orðið varir við atburðina sem áttu sér stað og hræðst þá og hafi viðurkennt að Jesús væri sonur Guðs (Matteus 27:54) og sagt er að Matteus hafi greinilega túlkað orð hundraðshöfðingjans sem játningu fyrir því að Jesús hafi svo sannarlega verið hluti guðdómsins (David Hill, 1975:356).

Páskadagur er einn mikilvægasti dagur í trúarhátíðum kristinna manna. Páskadagur er einnig kallaður upprisudagur. Þennan dag fagna kristnir menn því að Jesús reis upp frá dauðum en það er sagt hafa gerst á þriðja degi eftir dauða hans ([http://en.wikipedia.org/wiki/Easter\\_Sunday](http://en.wikipedia.org/wiki/Easter_Sunday)). Jesús var lagður í gröf sem var í eigu Jósefs frá Arímaþeu og síðan var stórum steini velt fyrir grafarmunnann (Matteus 27:57). Mikil áhersla var lögð á það af Pílatusi að grafarinnar yrði gætt vel og vandlega (Matteus 27:63) þar sem Jesús hafði sagt að hann myndi rísa upp á þriðja degi (Matteus 16:21). Á þriðja degi eftir dauða Jesú fóru konur að gröf hans og var Jesús þá upprisinn. Ekkert guðspjallanna lýsir upprisu Jesú Krists en öll leggja þau jafn mikla áherslu á að Jesús hafi risið upp og sigrað dauðann (Íðunn Steinsdóttir, Sigurður Pálsson, 2000:51).

## 10 Kristilegt siðgæði

Í Aðalnámsskrá er áhersla lögð á vinna með siðgæði. Eflaust er hægt að spyrja sig þeirrar spurningar hvað siðgæði sé í raun og veru. Siðferði eða siðgæði er hægt að útskýra á þann hátt að það sé nokkurskonar safn af reglum um það hvernig við eigum að vera, hvernig við eigum að breyta í lífi okkar gagnvart sjálfum okkur og öðru fólki (Páll Skúlason, 1987:222). Allar manneskjur hafa staðið frammi fyrir því að þurfa að taka ákvarðanir um

hvernig þær eigi að koma fram við aðra einstaklinga í ákveðnum kringumstæðum og þannig mun það verða alla tíð. Þess vegna skiptir gott siðgæði miklu máli í öllum mannlegum samskiptum. Það skiptir máli hvernig ákvarðanir við tökum og það skiptir máli að við öflum okkur þekkingar á því sem er rétt og því sem er rangt (Páll Skúlason, 1987:222).

Kornabörn hafa ekki gert neitt af sér en svo virðist sem allar manneskjur hafi einhverskonar tilhneigingu til að gera rangt. Til að mynda geta allir lent í því að koma illa fram við aðra og taka rangar ákvarðanir hvort sem það er meðvitað eða ómeðvitað. Það skiptir því miklu máli að börn læri “gott” siðgæði og að það endurspeglit, ekki síst í samfélagi grunnskólans. Þar sem við erum kristið land og höfum langa sögu sem kristin þjóð skiptir máli að nemendum í grunnskólum landsins sé kenndur kristinn siðferðisboðskapur eins og Aðalnámsskrá grunnskóla leggur upp með.

Í okkar landi er siðgæði tengt við kenningar Jesú Krists að mörgu leiti. Hér að ofan er vísað í Aðalnámsskrá grunnskóla þar sem eftirfarandi stendur:

*„Kristilegt siðgæði á að móta starfshætti skólans ásamt umburðarlyndi og lýðræðislegu samstarfi.” (Aðalnámsskrá grunnskóla, 2007:6)*

Siðgæði hér á landi hefur mótast af siðaboðskap kristinnar trúar. Ástæðan er sú að kirkjan hefur verið áhrifamikil og mótandi afl um aldir hér á landi og er enn í dag. Samkvæmt orðum Páls Skúlasonar í bókinni Pælingar heldur hann því fram að siðferði manna sé gegnsýrt af hugmyndum, ýmsum siðum og viðhorfum sem séu af kristilegum toga og það á jafnt við um þá sem játa kristna trú og þá sem játa hana ekki (Páll Skúlason, 1987:213).

Hver einasta þjóð á sér ákveðnar upphafsætur og byggir þjóðfélag sitt á ákveðnum lífsreglum eða grundvallargildum. Íslenska þjóðin og íslenska samfélagið hefur í gegnum aldirnar byggt sín grundvallargildi á kristnum grunni (Aðalnámsskrá grunnskóla, 2007:5). Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands tilheyrir 90,72% Íslendinga kristnum trúfélögum (<http://www.hagstofan.is>). Rétt eins og önnur samfélög verða ekki skilin án þess að þjóðfélagsþegnar eða aðrir sem hafa áhuga á því fái kynnt sér ríkjandi trúarbrögð verður

Íslenskt þjóðfélag ekki skilið án þess að landsmenn allir kynni sér kristna trú. Staðreyndin er sú að saga og menning okkar verður vart skilin án þess að til staðar sé þekking á kristinni trú og siðgæði ásamt sögu kirkjunnar í gegnum aldirnar (Aðalnámsskrá grunnskóla, 2007:5).

## 11 Tengsl við kennslu

Þessa heimasíðu er hægt að nota á mjög fjölbreyttan hátt við kennslu. Nú í dag eru skjávarpar í hverjum grunnskóla og tölva í nánast hverri einustu skólastofu. Við höfum séð fyrir okkur að þessa heimasíðu sé hægt að nota í tölvustofum þar sem kennari gæti t.d. leyft nemendum að skoða vefinn í tölvustofu skólans eða sýnt öllum nemendum efnið samtímis með því að tengja skjávarpa við nettengda tölvu. Einnig gæti kennari prentað út verkefni sem fylgja efninu á netinu og nýtt sér í kennslu.

Þessi heimasíða er eins og áður hefur verið sagt frá einnig ætluð til þess að nemendur sjálfir geti nýtt sér hana heima. Tölvur skipa stóran sess í lífi fólks nú til dags. Börn læra snemma á tölvur og eins og kom fram hér á undan hafa um 92% barna aðgang að tölvum heima hjá sér. Heimasíðan er því hugsuð, bæði sem þroskandi afþreyingarsíða fyrir börn og fyrir kennara sem kennslu- og ítarefni í kristnum fræðum. Heimasíðan er þó fyrst og fremst miðuð við nemendur í 1- 4. bekk og er efnið á síðunni byggt upp með þann aldurshóp í huga.

## 12 Lokaorð

Reglulega heyrast raddir í þjóðfélaginu þar sem fólk spyr sig um ástæður þess að kennsla í boðskap kristninnar skuli vera hluti af námsefni almennra grunnskóla. Spurningar fólks snúa ekki síst að því hver sé tilgangur og hvert sé gagn slíkrar kennslu í nútímasamfélagi.

Það er sannfæring okkar sem að þessari vinnu stöndum að kristinfræði sé ekki aðeins gagnleg námsgrein heldur mjög mikilvægur hluti þess að viðhalda þeirri menningu og því siðferði sem þjóð okkar hefur byggt tilveru sína á undanfarin 1000 ár. Siðferðisboðskapur trúarinnar er einmitt mikilvægur nú á tímur aukinnar fjölmenningar þar sem virðing fyrir manninum er í hávegum höfð.

Að lokum viljum við enda á stuttri tilvísun sem við hófum þessa greinagerð á, því svo segir í Aðalnámsskrá grunnskóla:

*“Kristilegt siðgæði á að móta starfshætti skólans ásamt umburðarlyndi og lýðræðislegu samstarfi. Þó að þetta eigi við um skólastarfið almennt hlýtur kennsla í kristnum fræðum að sinna þessum þætti sérstaklega og vinna markvisst að því að stuðla að siðgæðisþroska nemendanna í glímu við siðferðileg álitamál” (Aðalnámsskrá grunnskóla, 2007:6).*

## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá grunnskóla. Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði.* 2007.

Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Bexell, Göran. 2001. *Siðfræði: af sjónarhóli guðfræði og heimspeki.* Aðalsteinn

Davíðsson íslenskaði. Skálholtsútgáfan, Reykjavík.

*Biblían. Heilög ritning. Gamla og nýja testamentið.* 1981. Hið íslenska Biblíufélag,

Reykjavík.

Ellis, E. Earle. 1973. *The Gospel of Luke.* Buttler & Tanner Ltd, Frome and London,

Great Britain.

Hagstofan, 2007, 23. mars. Vefslóð: <http://www.hagstofan.is/?PageID=632>

Hargreaves, John. 1979. *A Guide to the Parables.* University Press, Cambridge.

Heimili og skóli. 2007, 5. Febrúar. „Skýrsla – barnakönnun”. Vefslóð:

<http://www.saft.is/kannanir/>

Hill, David. 1975. *The Gospel of Matthew.* Buttler & Tanner Ltd, Frome and London,

Great Britain.

Iðunn Steinsdóttir og Sigurður Pálsson. 1998. *Stjarnan – handbók kennara.*

Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Iðunn Steinsdóttir og Sigurður Pálsson. 2000. *Regnboginn – handbók kennara.*

Námsgagnastofnun, Reykjavík.

*Life application study Bible. The old and the new testament.* 2000. Kingsway

Publications. Eastbourne, England.

*Life application study Bible. The old and the new testament.* 2004. Tyndale House Publishers, Inc. Wheaton, Illinois.

Námsgagnastofnun. 2007, 21. febrúar. Vefslóð: <http://www.nams.is>

Páll Skúlason. 1987. *Pælingar I.* Ergo, Reykjavík.

Skólavefurinn. 2007, 21. febrúar. Vefslóð: <http://www.skolavefurinn.is>

Stoppard, Miriam. 1993. *Barnalæknirinn.* Ólafur Grétar Kristjánsson íslenskaði. Iðunn, Reykjavík.

Wikipedia. 2007, 9. apríl. Vefslóð: [http://en.wikipedia.org/wiki/Good\\_Friday](http://en.wikipedia.org/wiki/Good_Friday)

Wikipedia. 2007, 9. apríl. Vefslóð: [http://en.wikipedia.org/wiki/Good\\_Friday](http://en.wikipedia.org/wiki/Good_Friday)

Wikipedia. 2007, 9. apríl. Vefslóð: [http://en.wikipedia.org/wiki/Maundy\\_Thursday](http://en.wikipedia.org/wiki/Maundy_Thursday)